



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á heimssýningunni
í Hannover
EXPO 2000
30. ágúst 2000**

Virðulegi ráðherra Andrea Fischer,
virðulegi framkvæmdastjóri Birgit Breuel,
virðulegi menntamálaráðherra Björn Bjarnason,
virðulegi ráðherra Uwe Bartels,
virðulegu gestir og Íslandsvinir

Þegar við fögnum Íslandsdegi á þessari glæsilegu heimssýningu minnst ég heimsóknar Gerards Schröder og forráðamanna úr atvinnulífi og stjórnkerfi Hannover til Íslands fyrir um fjórum árum til að hvetja Íslendinga til þátttöku.

Við getum nú glaðst yfir hinum góðu viðtökum sem skáli Íslands hefur hlotið, hvernig hugmyndaauðgi og frumleiki hönnuðanna hefur skilað sér til góðra gesta, gert þeim kleift að skynja kraftinn og fjölbreytileikann sem býr í landi okkar.

Við munum hér í dag bjóða til menningarveislu. Verk úr bókmenntum og tónlistararfi, flutningur söngvara og leikara munu túlka það umrót sem einkennt hefur íslenska menningu á okkar tímum. Hæst ber þó leikgerð á hinu mikla skáldverki Halldórs Kiljan Laxness Sjálfstæðu fólki, bókinni sem sumir gagnrýnendur telja til hundrað bestu skáldverka tuttugustu aldarinnar. Þar kynnumst við bændum og sveitafólki sem er í senn séríslenskt en einnig svo sammannlegt í tilfinningum sínum og örlögum að það tengist heiminum öllum.

Fyrir litla þjóð í norðri er mikilvægt að öðlast tækifæri til að taka þátt í slíkri kynningu og við þökkum öllum sem hér hafa lagt hönd á plóg fyrir góða samvinnu og vinarhug.

Tengsl Íslands og Þýskalands má rekja langt aftur í aldir, fornar bókmenntir og ljóð eru í senn arfur okkar og uppspretta nýrrar visku. Við höfum á okkar tíð aukið þennan vef með kvikmyndum, tónlist, málverkum og skáldsögum þeirra sem enn eru ungir að árum.

Það er von mín að sýningin hér í Hannover verði til að auka enn áhuga á því sem Ísland nútímans hefur að bjóða, bæði á náttúrunni, samfélaginu og menningunni.

Ég þakka ykkur öllum sem hér hafið skilað góðu verki og óska þess að við eigum hér saman góðan dag.